

Aukin efnistaka í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu, Flóahreppi

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 22. október 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Súluholti ehf. um stækkun á námu í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu sem nemur um 349.000 m³, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Flóahrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Aukin efnistaka í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu. Matsskyldufyrirspurn. Súluholt ehf. og Efla, 22. október 2025.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Flóahreppi, dags. 21. nóvember 2025
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dags. 20. nóvember 2025
- Náttúrufræðistofnun, dags. 21. nóvember 2025
- Náttúruverndarstofnun, dags. 19. nóvember 2025
- Umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps, dags. 19. nóvember 2025
- Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita, dags. 20. nóvember 2025
- Vegagerðinni, dags. 20. nóvember 2025

Ekki barst umsögn frá Minjastofnun Íslands.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 26. nóvember 2025.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í stækkun á námu í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu sem nemur um 349.000 m³. Náman er staðsett í Flóahreppi, um 10 km suðaustur af Selfossi. Efnisvinnsla hefur farið fram á svæðinu og má áætla að þegar hafi verið unnið um 150.000 m³ (12 ha) af efni á svæðinu. Svæðið hefur jafnframt verið notað sem móttaka fyrir mold. Náman hefur ekki farið í gegnum hefðbundið umhverfismatsferli og því nær fyrirspurn þessi til þeirrar efnisvinnslu sem áður hefur farið fram auk fyrirhugaðrar stækkunar. Þetta samsvarar um 499.000 m³ efnistöku og verður námusvæðið stækkað úr 12 ha í 16 ha.

Í greinargerð Súluholts ehf. kemur fram að áætluð stækkun á námu í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu muni fara fram innan þess 12 ha svæðis sem þegar hefur verið nýtt til efnistöku auk þess sem svæði Súluholtsnámu verði stækkað um 4 ha til suðurs og vesturs (sjá mynd 1). Gert er ráð fyrir að magn þess efnis sem áætlað er að vinna skiptist til helminga á milli Súluholts og Súluholtshjáleigu. Núverandi dýpt efnistökusvæðisins við Súluholtsnámu sé áætluð um 5-6 metrar



og sé ekki gert ráð fyrir því að sú dýpt muni aukast. Áætlað sé að við fulla vinnslu verði náma í landi Súluholtshjáleigu um 3-7 metra djúp.

Fram kemur að sprengdar verði klappir í námunni og efni ýmist keyrt burt óunnið eða mulið niður með mulningsvél. Efni sem þurfi að mylja niður verði lagrað í námunni en annað efni verði keyrt í burtu jafnóðum og klappir séu sprengdar. Í Súluholtshjáleigu hefur til þessa verið sótt mól en efnið sé þó að mestu búið í námunni. Eftir að malarefni klárast mun framkvæmdaraðili sprengja klöpp til efnistöku úr námunni. Í námunni sé fyllt á vinnuvélar með olíubíl sem komi daglega. Því sé engin olía geymd í námunni og engin mannvirki séu innan námusvæðisins. Umferð um námuna sé nokkuð stöðug en þegar umsvif séu hvað mest séu um 10 bílar sem sæki efni úr námunni og fari hver þeirra um átta ferðir á dag. Unnið sé fimm daga vikunnar. Námurnar hafi verið nýttar til móttöku á mold fyrir sveitarfélagið. Mold sé komið fyrir í þeim hlutum námunnar sem þegar hafa verið fullunnir. Sú móttaka muni halda áfram og efni nýtt til þess að ganga frá þeim hlutum námunnar.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæðinu sem er merkt með rauðri línu (úr greinargerð Súluholts ehf).

Staðhættir. Í greinargerð kemur fram að svæðið einkennist af fyrri vinnslu og mótun lands vegna móttöku jarðefna. Nærumhverfi efnistökusvæðanna einkennist að miklu leyti af túnum. Sunnan og vestan við Súluholtsnámu, sunnan Önundarholtsvegur, séu tún ræktuð á þurrlendi sem séu nýtt til heyskapar og beitar en norðan og austan svæðisins séu vegir. Vestan Súluholtshjáleigu, sem staðsett sé norðan vegar sé framræst landsvæði en norðan og norðaustan svæðisins sé svæðið minna raskað. Um 300 metrum norðan Súluholtshjáleigu sé svæði sem flokkist sem lítt raskað votlendi.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Súluholts ehf. og umsögnum umsagnaraðila. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við umfjöllun um fornminjar en í gögnunum kemur fram að engar minjar sé að finna á svæðinu.



Áhrif á gróður og vistgerðir

Í greinargerð Súluholts ehf. kemur fram að samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands sé vistgerðin tún og akurlendi algengust innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis. Efnistaka hafi þegar farið fram á stærstum hluta framkvæmdasvæðisins og vistgerðum verið raskað. Fyrirhuguð stækkun námusvæðisins úr 12 ha í 16 ha taki til svæðis sunnan og vestan við núverandi námusvæði Súluholtsnámu en það svæði sé tún, þ.e. vistgerðin tún og akurlendi. Fyrirhuguð stækkun muni því ekki hafa áhrif á vistgerðir með verndargildi. Framkvæmdaraðili telur að sú vinnsla sem áður hafi farið fram á svæðinu hafi haft nokkuð neikvæð áhrif á vistgerðir og gróðurfar. Áframhaldandi vinnsla á svæðinu komi hins vegar til með að hafa óveruleg áhrif á umhverfispáttinn.

Áhrif á fugla

Í greinargerð Súluholts ehf. kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé innan mikilvægs fuglasvæðis, Suðurlandsundirlendisins. Svæðið náí frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði og sé alls 340.000 ha að stærð. Svæðinu hafi verið raskað sem geri það að verkum að það henti illa sem búsvæði fyrir flesta fugla. Fuglar sjáist engu að síður á svæðinu. Á núverandi námusvæði hafi einkum orðið vart við tjald og mariuerlu en báðar tegundir hafi nýtt svæðið til varps og hvíldar. Þá hafi rjúpa einnig verpt á svæðinu, einkum á því svæði sem hefur verið grætt upp. Nokkuð hafi sést af óðinshana í námunni og haldi hann til á því svæði þar sem vatnssöfnun sé hvað mest. Á túnnum sé að finna álft og gæs. Þá sé auk þess nokkuð um mófugla á svæðinu og megi þar m.a. nefna jaðrakan, stelk og lóu. Líklegt sé að mófuglar nýti túnin og nærumhverfi svæðisins til varps, hvíldar og fæðuöflunar. Fyllt verði í námusvæðin með mold sem leiði til þess að svæðið gróí upp og muni því henta betur fyrir fuglalíf heldur en það geri í dag.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar er bent á að talningar af Suðurlandi sýni marktæka fækkun fimm tegunda, þ.e. heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki sé nákvæmlega vitað hvað valdi þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýni almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gætu þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla. Heiðlóa, spói og lóupræll hafi við endurskoðun válista verið metnar í nokkurri hættu árið 2025. Helsta hættan sem steðji að þeim sé búsvæðaeýðing, en þó að stofnar þeirra telji enn marga einstaklinga hafi þeir minnkað um allt að 30-40% á síðustu 10-15 árum. Ísland beri alþjóðlega ábyrgð á þessum tegundum sökum þess hve stór hluti Evrópastofnanna verpi hér á landi. Því sé nauðsynlegt að athuga stöðu þessara tegunda á framkvæmdasvæðum sem séu algeng búsvæði þeirra og almenn þörf á því að draga úr frekara álagi á búsvæði þeirra til að stemma stigu við þessari hnignun. Náttúruverndarstofnun telur að búast megi við ónæði á varptíma og við fæðuöflun en þó ekki þannig að það valdi áberandi skerðingu á búsvæðum ábyrgðartegunda.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í ljósi þess að svæðið sé nú þegar að mestu raskað þá telur framkvæmdaraðili að áhrif á fuglalíf séu að miklu leyti þegar komin fram. Umhverfisáhrif þess að halda áfram vinnslu á þegar röskuðu svæði séu í flestum tilfellum minni heldur en að opna nýjar námur á svæðum sem ekki eru röskuð.

Áhrif á jarðmyndanir

Í greinargerð Súluholts ehf. kemur fram að samkvæmt jarðfræðikorti Náttúrufræðistofnunar Íslands, einkennist berggrunnur framkvæmdarsvæðisins af eldra grágrýti og sé um 0,8-3,3 milljón ára. Framkvæmdarsvæðið sé á mörkum þess að vera innan nútímahraunsins Þjórsárhrauns sem er talið vera um 8.600 ára gamalt. Jarðmyndanir á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði muni koma til með að verða fyrir beinu og óafturkræfu raski á framkvæmdartíma. Framkvæmdarsvæðið sé að miklu leyti raskað og neikvæð áhrif á umhverfispáttinn að mestu komin fram. Í ljósi þess að jarðmyndanir á áhrifasvæði framkvæmdar hafi ekki hátt verndargildi og séu nú þegar að mestu raskaðar telur framkvæmdaraðili að áhrif á umhverfispáttinn verði óveruleg.



Áhrif á landslag og ásýnd

Í greinargerð Súluholts ehf. kemur fram að svæðið einkennist af landbúnaði, framræstum túnum og dreifðri byggð. Það sé flatlent og sjónlengdir langar. Framkvæmdarsvæðið sé nú þegar raskað vegna fyrri efnistöku. Framkvæmdin felist að mestu í dýpkun á núverandi námu. Náman sé staðsett beggja vegna Önundarholtsvegur og sé sýnileg frá veginum þegar ekið er fram hjá. Vegna þess hve flatlent sé á takmarkist sýnileiki námunnar við næsta nágrenni hennar. Áfram sé gert ráð fyrir móttöku á jarðefnum samhliða efnistöku og því megi gera ráð fyrir að fyllt verði að hluta til í þau svæði námunnar þar sem efni hafi verið fullunnið. Að teknu tilliti til þessa telur framkvæmdaraðili að áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd vera óveruleg. Jafnframt telur framkvæmdaraðili að áframhaldandi vinnsla á svæðinu muni hafa óveruleg áhrif á landnotkun. Svæðið hafi verið nýtt til efnistöku og sem móttökustaður fyrir mold til margra ára og muni það ekki breytast.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar er bent á að náman sé sýnileg frá Önundarholtsvegi en sjónræn áhrif takmarkist við næsta nágrenni. Þar sem ekki sé verið að raska öröskuðu landi heldur vinna áfram á röskuðu svæði telur stofnunin að áhrif á landslag og ásýnd verði staðbundin og ekki veruleg. Mikilvægt sé að gengið verði frá svæðinu á þann hátt að ásýnd svæðisins falli vel að nærliggjandi landnotkun til lengri tíma.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar á náttúruferfarni séu þegar komin fram og að stækkunin muni að mestu leyti eiga sér stað á svæði sem þegar hafi verið raskað. Mikilvægt sé að gengið verði frá svæðinu eftir því sem efnistöku lýkur, bæði þar sem fyrri vinnsla er lokið og eftir fyrirhugaða efnistöku, svo draga megi úr varanlegu raski og stuðla að endurheimt gróðurs. Æskilegt sé að framkvæmdin verði svæðisskipt, þannig að efnistaka, frágangur og gróðurframvinda geti farið fram í áföngum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að lögð sé áhersla á frágang svæðisins og að dregið verði úr ásýndaráhrifum vinnslunnar, eins og kostur er, t.d. með því að fylla upp í svæði námunnar sem þegar hafi verið fullunnið.

Áhrif á samgöngur

Í greinargerð Súluholts ehf. kemur fram að efnistökusvæðið sé við Önundarholtsveg og þar sé meðalumferð á dag yfir árið (ÁDU) um 80 bílar árið 2024 en sumarumferð (SDU) um 95 bílar á dag. Gera megi ráð fyrir því að umferð frá námunni muni fara eftir Önundarholtsvegi til vesturs að Gaulverjabæjarvegi eða til austurs að Villingaholtsvegi. Á Gaulverjabæjarvegi var ÁDU 560 bílar en SDU 660 bílar árið 2024. Á Villingaholtsvegi var ÁDU 350 bílar en SDU 410 bílar sama ár. Umferðarpungi telst frekar lítil á næstu vegum við framkvæmdarsvæðið. Eins og komið hefur fram séu um 10 bílar að sækja efni úr námunni þegar umsvif séu mest og hver bíll fari um átta ferðir á dag. Gatnamótin milli Önundarholtsvegur og Gaulverjabæjarvegur og Villingaholtsvegur séu auðsjáanleg úr öllum áttum og því ólíklegt að hættuástand myndist vegna umferðar þungaflutningabifreiða um gatnamótin. Ekki sé erfitt fyrir vörubíla að mæta hvorum öðrum, eða öðrum bílum, á veginum. Nú þegar séu vegir inn á námusvæðin og því ekki þörf á nýjum. Framkvæmdaraðili mun tryggja öryggi vegfarenda eins og áður hefur verið gert. Þegar þurrt er í veðri hefur vegurinn verið rykbundinn með vökvun. Ekki sé gert ráð fyrir aukningu umferðar við fyrirhugaða efnistöku í námusvæðinu og bent á að núverandi umferð frá námusvæðinu sé inni í þeim umferðartölum sem hér hafi verið birtar.

Í umsögn Flóahrepps kemur fram að skoða þurfi hvernig mæta skuli mikilli umferð um Önundarholtsveg þar sem þessi aukna umferð um slæman malarveg hefur neikvæð áhrif á íbúa við veginn og aðra vegfarendur.



Í svörum framkvæmdaraðila er ítrekað að fyrirhuguð stækkun muni ekki hafa í för með sér breytingar á núverandi umferð á svæðinu og áformin því ekki til þess fallin að hafa neikvæð áhrif á umhverfispáttinn, samanborið við núverandi ástand.

Áhrif á vatnshlot

Í greinargerð Súluholts ehf. kemur fram að í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar hafi verið skimað fyrir því hvort framkvæmdirnar kunni að hafa bein eða óbein áhrif á vatnshlot.

Fram kemur að helsta hættan sem vatnshlotinu stafi af framkvæmdinni sé ef til efnamengunar kemur. Engar olíugeymslur né mannvirki verði á svæðinu og engin mengandi efni geymd í námunum. Fyrri framkvæmdir hafi ekki haft í för með sér mengun og sé ekki talið að áframhaldandi efnistaka komi til með að hafa frekari mengun í för með sér. Líkurnar á smávægilegum leka frá vél séu hluti af rekstri námu. Líkurnar á verulegu mengunarslysi séu hverfandi þar sem ekki standi til að geyma olíu á svæðinu. Ekki sé talin þörf á frekara mati á áhrifum á grunnvatnshlotið. Framkvæmdin sé ekki til þess fallin að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

5 Skipulag og leyfi

Í gildi er Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029. Á skipulagsuppdrættinum er merkt efnistökusvæði, E-13, á því svæði sem um ræðir. Í greinargerð með aðalskipulaginu segir um E-13 að það sé setnáma í malarhjalla, stærð allt að 25.000 m² og efnismagn allt að 50.000 m³. Náman er tilgreind í landi Súluholts. Ekki er minnst á Súluholtshjáleigu eða að um sé að ræða að vinna efni úr fastri klöpp. Þá vekur athygli að í skipulagsgreinargerð segir: „Engin efnislosunarsvæði eru í sveitarfélaginu“.

Það þarf því að breyta gildandi aðalskipulagi Flóahrepps áður en leyfi verður veitt fyrir framkvæmdunum.

Efnistakan er háð framkvæmdaleyfi Flóahrepps skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

6 Niðurstaða

Um er að ræða aukna efnistöku úr námu í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu í Flóahreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar, mengunar eða ónæðis, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Efnistaka úr námusvæðinu í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu hefur verið starfrækt í áratugi. Ráðgerð stækkun námusvæðisins úr 12 ha í 16 er alfarið á manngerðu svæði þar sem um er að ræða ræktuð tún. Jafnframt verður haldið áfram efnistöku þar sem hún var hafin, auk þess sem tekið verður á móti jarðvegi til haugsetningar sem fellur til í nágrenninu. Svæðið nýtur ekki



sérstakrar verndar en er í nágrenni við nútímahraun og lítt snortið votlendi. Námusvæðið er á Suðurlandsundirlendinu sem er mikilvægt fuglasvæði. Aukin efnistaka er ekki líkleg til að rýra gildi svæðisins þar sem stækkun svæðisins er tiltölulega lítil og stækkunin nær alfarið á svæði sem hefur verið nýtt sem tún. Aukin efnistaka mun samkvæmt upplýsingum framkvæmdaraðila ekki hafa í för með sér aukna umferð heldur lengja rekstrartíma námunnar. Álag á vegi og ónæði vegna umferðar verður því sambærilegt og verið hefur.

Fyrirhuguð efnistaka mun hafa í för með sér varanleg og óafturkræf áhrif á jarðmyndanir en þær eru ekki taldar hafa sérstakt verndargildi. Að lokinni efnistöku er ekkert því til fyrirstöðu að svæðið geti hvort heldur sem er nýst til landbúnaðar eða einfaldlega sem búsvæði fugla. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að þannig verði staðið að verki að gengið sé frá þeim svæðum sem ekki eru lengur í vinnslu og að vinnslusvæði hverju sinni verði eins lítil að umfangi og mögulegt er. Með því móti verði dregið úr sjónrænum áhrifum og mögulegum upptakasvæðum foks haldið í lágmarki.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 12. janúar 2026.

Reykjavík, 11. desember 2025

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson

